

5
6. marz

L Ö G

um

um breyting á lögum nr. 28 frá 1915, um kosningar til Alþingis
(Landskjör 1930).

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Kjördagur við kosning landskjörinna þingmanna árið 1930 skal vera
sunnudagur 15. júní.

2. gr.

Kjörskrár og aukakjörskrár við kosningu þessa skulu samdar þannig,
að í gildi komi 10. júní þ. á.

3. gr.

Við undirbúning kosningar þessarar breytast tímaákvarðanir og frestir
kosningalaganna sem hér segir:

Kjörskrár skulu lagðar fram 1. apríl, en aukakjörskrár 10. maí.

Auglýsingarfrestur samkvæmt 12. gr. kosningalaganna skal vera
ein vika.

Kærufrestur samkvæmt 13. gr. laganna skal vera 14 dagar frá því
að kjörskrá var lögð fram.

Úrskurðarfrestur á kærur samkvæmt 14. gr. skal vera ein vika
frá lokum kærufrests. Frestur til fundarboðs samkvæmt sömu grein skal
vera 3 dagar.

Um kærur við aukakjörskrár og úrskurði þeirra gilda venju-
legir frestir.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 6. marz 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.